



Byggðasafn Dalamanna

Starfsemi 2015

Stjórn safnsins

Byggðasafn Dalamanna er í eigu sveitarfélagsins Dalabyggðar. Samkvæmt stjórnskipun Dalabyggðar fer menningar- og ferðamálanefnd með málefni safnsins. Í árslok skipuðu nefndina Jón Egill Jóhannsson á Skerðingsstöðum formaður, Ólafur Skagfjörð Gunnarsson í Þurranesi, Sigrún Hanna Sigurðardóttir í Lyngbrekku, Sigurður Bjarni Gilbertsson í Búðardal og Valdís Gunnarsdóttir í Búðardal. Í varastjórn eru Jóhanna Sigrún Árnadóttir á Stóra-Vatnshorni, Helga Elínborg Guðmundsdóttir á Erpsstöðum, Halla Sigríður Steinólfadóttir í Ytri-Fagradal, Eyjólfur Ingvi Bjarnason í Ásgarði og Rebecca C. K. Ostenfeld í Hólum.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar

Safnvörður í 50% starfshlutfalli er Valdís Einarsdóttir búfræðikandídat, BSc 120. Safnvörður er jafnframt í 25% starfshlutfalli sem héraðsskjalavörður á Héraðsskjalasafni Dalasýslu og 25% starfshlutfalli hjá sveitarfélaginu Dalabyggð við vefstjórn og ýmis sérverkefni.

Um eftirlit og minna viðhald sér Viðar Þór Ólafsson verkstjóri Dalabyggðar. Um endurbætur á húsnæði safnsins sáu Svavar Garðarsson, Þórarinn Gunnarsson og safnvörður.

Sjálfboðaliðar í sumaropnun voru Sigríður Ósk Jónsdóttir, Sigurdís Katla Jónsdóttir, Svanborg Þuríður Einarsdóttir og Halla Sigríður Steinólfadóttir. Og sem fyrri ár var Arndís Erla Ólafsdóttir í Ásgarði safninu innan handar um ýmislegt.

Stofnskrá og stefnumörkun

Byggðasafn Dalamanna starfar samkvæmt safnastefnu sinni fyrir árin 2013-2017. Á árinu 2017 er áætlað að endurskoða stefnumörkun safnsins til næstu fimm ára.

Í samræmi við langtíma starfsáætlun safnsins var farið að huga að varðveislu muna á sýningum og í geymslum. Lagður grunnur að faglegri þekkingu með lestri fræðiefnis og farið á farskóla þar sem umfjöllunarefnið var forvarsla. Gerð var áætlun um næstu skref og hluti af því húsnæði sem safnið hefur til umráða innréttað sem geymslur.

Safnkostur og skráningar

Skráðir munir í Sarp í árslok voru 1667, 1314 ljósmyndir og 37 bækur. Nær allar skráðar ljósmyndir eru birtar á opnum vef Sarps. Búið er að setja inn myndir við 320 muni. Skráðar voru velflestar ljósmyndir afhentar 2015 og unnin undirbúningsvinna að skráningu á tveimur stórum ljósmyndasöfnum. Haldið var áfram að yfirfara eldri skráningar og bætt við um 100 ljósmyndum af munum í Sarp.

Ekki er til nákvæm skrá yfir fjölda óskráðra muna í Sarp, en áætlað er að það séu um 300 munir og 1000 ljósmyndir. Unnið hefur verið að undirbúningi að skráningu þessara muna og ljósmynda í Sarp, en skráningar aðfanga í safnið hefur verið misjöfn og því erfitt að gera sér grein fyrir heildarfjölda, þar til skráningu í Sarp er lokið eða langt komin.



Í aðfangabók 2015 eru skráðar 9 afhendingar muna og 7 afhendingar ljósmynda. Meðal merkra muna má nefna útskurðarverkfæri og fleira úr fórum Guðmundar Kristjánssonar myndskurðarmeistara á Hörðubóli. Meðal ljósmynda Soffíu Þ. Magnúsdóttur er að finna ljósmyndir af bústörfum (heyskap, ullarþvotti, þurrkun á mó og fleiru) í Túngarði 1940-1950.

Afhendingar muna 2015

- 2015-1 Guðmundur Kristjánsson á Hörðubóli.
- 2015-2 Erlingur Guðmundsson á Hörðubóli
- 2015-3 Herdís Gísladóttir og Davíð Stefánsson á Saurhóli
- 2015-4 Guðrún Esther Magnúsdóttir á Fossi
- 2015-5 Arndís Erla Ólafsdóttir í Ásgarði
- 2015-6 Guðrún Ingríður Jóhannesdóttir í Rauðbarðaholti
- 2015-7 Halla Sigríður Steinólfsdóttir í Ytri-Fagradal
- 2015-8 Skarphéðinn Jónsson í Kringlu
- 2015-9 Pálína Guðfinnsdóttir frá Litla-Galtardal
- 2015-10 Soffía Magnúsdóttir frá Túngarði
- 2015-11 Valgerður Lárusdóttir á Fremri-Brekku

Afhendingar ljósmynda 2015

- 2015-1 Saurhóll í Saurbæ.
- 2015-2 Ástvaldur Elísson á Hofakri.
- 2015-3 Guðrún Esther Magnúsdóttir á Fossil
- 2015-4 Arndís Erla Ólafsdóttir í Ásgarði
- 2015-5 Pálína Guðfinnsdóttir frá Litla-Galtardal
- 2015-6 Soffía Magnúsdóttir frá Túngarði
- 2015-7 Inga Guðbrandsdóttir frá Hróðnýjarstöðum.

Húsnæði

Unnið var að endurbótum á húsnæði safnsins í maí. Gert var við skemmdir í gólfi eftir vatnsleka og um 20 m² málaðir til viðbótar. Auk þessa voru aðrar smávægilegar viðgerðir hér og þar um safnið.

Í árslok hófust framkvæmdir við að breyta lagnagangi í sýningarrými og bæta aðgengi að neyðarútgangi. Á safnið vantaði rými fyrir náttúruminjar (fuglasafn og steinasafn) í eigu þess. Gangurinn hafði áður verið ruslakista ýmissa rekstraraðila á staðnum gegnum tíðina. Gangurinn var tæmdur, sett í falskt loft, málaðir veggir og gólf, lýsing sett upp og merkingar fyrir neyðarútganga. Þrátt fyrir miklar endurbætur á húsnæði safnsins frá 2010 er mikið ógert og sumt ekki einfalt mál að leysa. Enn liggja vatnslagnir í lofti safnsins, bæði heitt og kalt vatn. Engin sérstök salernisaðstaða er fyrir gesti safnsins.

Ekki er sérstök aðkoma eða inngangur að safninu og tröppur niður í kjallara virðast virka frekar fráhrindandi fyrir nýja gesti á safnið. Aðgengi inni á safninu hefur verið bætt mikið síðustu fimm árin, en hefur takmarkað að segja þegar ekki hjólastólaaðgengi inn á safnið og tröppur að fara fyrir hreyfihamlaða.

Þá er starfsemi á safninu háð annarri starfsemi í byggingunum. Þann tíma sem starfsemi er hjá Ungmenna- og tómsundabúðum UMFÍ er hljóðmengun mikil. Því er reynt að hafa alla viðburði yfir vetrartímamann um helgar.



Vatnsleki

Samhliða asahláku og roki komst leysingavatn inn á safnið á þremur stöðum. Viðvörunarkerfi fór af stað kl. 18 sunnudaginn 8. febrúar og búið var að hreinsa upp allt vatn kl. 15 daginn eftir. Sérstakar aðstæður sköpuðust þennan dag. Jarðvegur var vatnsmettaður fyrir, asahláka, mikill snjór umhverfis byggingar og niðurfall sinnti ekki hlutverki sínu.

Áætlað er að um 4-5000 lítrar vatns hafi komið inn á safnið. Vatn var á meirihluta (um 60%) gólfflatar, en helmingur sýningarrýmis slapp, þar sem mishæðir eru í gólffleti safnsins. Vatnshæð varð ekki mikil, en vatnsflöturinn stór.

Leki var á þremur stöðum.

1. Leki var á lagnagagni meðfram vatnsrörum gegnum útvegg. Þétt var meðfram lögnunum og þröskuldur settur þvert á ganginn þannig að ekki myndi leka inn á munageymslu eða sýningarvæði ef þéttingar gæfu sig aftur. Ekki hefur orðið vart leka þar síðan.
2. Smávægilegur leki var á útvegg meðfram bílastæðum. Eiganda húsnæðis var bent á að endurbæta þyrfti dren. Einnig ítrekað að snjó á bílastæðum mætti ekki ryðja að þessum vegg. Eftir er að finna nothæft þéttiefni í sprungurnar. Raki var þar í vegg fram á sumar, en ekki lekið.
3. Verulegur leki varð undir tröppum í aðalinngangi ungmennabúðanna. Ekki er vitað til að þarna hafi lekið áður, meðal annars voru gerðar fyrirspurnir meðal fyrrum starfsmanna á staðnum og leki þarna er óþekktur frá því byggt var. Þröskuldur var settur í dyrastaf að kompu undir stiga til að hindra aðgang vatns inn á safnið. Niðurfall var hreinsað og tilmæli til starfsfólks Ungmenna- og tómstundabúða að hætta að moka snjó af tröppum yfir niðurfallið. Ekki hefur orðið vart við leka þar aftur.

Engar skemmdir urðu á munum safnsins. eru þar tvö atriði sem skipta máli. Annars vegar er að um kalt leysingavatn var að ræða og hins vegar að uppsetning flestra muna gerir ráð fyrir minni háttar vatnsleka.

Skemmdir urðu á málningu á gólfi, bæði þar sem var endurnýjað árið 2013 og því sem var á framkvæmdaáætlun um vorið. Voru þær skemmdir allar lagaðar í maímánuði.

Neyðaráætlun safnsins vegna vatnsleka stóðst og ekki ástæða til stærri breytinga vegna reynslunnar. Mikilvægi viðvörunarkerfis (sett upp 2010) vegna vatnsleka sannaði sig, þó ekki hafi verið búist við leka af þessum völdum.

Sýningar og önnur miðlun

Örsýningar voru á Hótel Eddu í tveimur sýningaskápum og veggteppi. Einnig voru sýningar á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni í tveimur sýningaborðum.

Miðlun á ljósmyndasafni fer að mestu í gegnum Sarp, auk þess vakin er athygli á einstaka myndum og munum á sameiginlegri facebook síðu Byggðasafns Dalamanna og Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Þá eru þar og birtar örsögur og kveðskapur úr Dölum.

Sýningin *Dagbækur af Skarðsströnd* í félagsheimilinu Röðli.

Tímabundnar örsýningar voru og í tengslum við sögustundir og norræna skjaladaginn.

Unnið var að verulegum endurbótum á hluta sýninga í árslok 2015 og ársbyrjun 2016.



Viðburðir

Áfram var haldið með sögustundir yfir vetrartímann frá fyrra ári. Þar sem sagðar eru sögur og fróðleikur úr héraði og aðrar upptökur. eru þær hugsaðar fyrir heimamenn, íbúa nágrennasveita, frístundaíbúa og ferðalanga.

- 17.1. Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ á Laugum 10 ára.
- 11.2. Kaupfélag Saurbæinga - Sigurður Þórólfsson
- 22.2 Úr mold í stein – Bogi Kristinsson
- 25.2. Saura-Gísli - Valdís Einarsdóttir
- 8.3. N-ið í UDN - Nágrennar handan Gilsfjarðar - Sveinn Ragnarsson
- 15.3. Laxdæla fyrir börn - Valdís Einarsdóttir
- 22.3. Lauga-Magnús - Valdís Einarsdóttir
- 1.11 Óþekkt andlit - Valdís Einarsdóttir
- 14.11 Norræni skjaladagurinn / Fjallskil í Dölum - Héraðsskjalasafn Dalasýslu
- 29.11 Verzlunarfélag Dalasýslu – Valdís Einarsdóttir
- 13.12 Jón og jólasveinarnir – Jón Jónsson Kirkjubóli
- 27.12 Áramót – Valdís Einarsdóttir

Þá mætti safnvörður sem fyrr á spjall hjá Félagi eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólasveit og á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni þegar þess var óskað. Félagi eldri borgara var og boðið í heimsókn á safnið.

Opnunartímar og aðsókn

Byggðasafn Dalamanna var opið daglega frá 1. júní til 31. ágúst, kl. 10-16. Utan þess tíma var opið eftir samkomulagi, gildir það hvort sem um einstaklinga eða hópa er að ræða.

Alls eru skráðir 697 gestir á safnið árið 2015. Fullorðnir voru 549 (78,8%) og 148 börn (21,2%).

Erlendir gestir voru 72 (10,3%). Flestir (90,2%) þeirra komu frá Evrópu, aðrir Bandaríkjunum og Kanada.

Nemendur úr Hjallaskóla komu á árinu, alls 39 börn. Eini skólinn í héraðinu, Auðarskóli, hefur lítið sem ekkert nýtt sér safnið í skólafarinu. Ástæður þess eru ekki þekktar.

Engir hópar skipulagðir af ferðaskrifstofum koma við á safninu. Átta sjálfstæðir hópar komu á safnið með 164 gestum, þar af þrjú ferðahópar með 92 gestum.

Gestir á viðburði á vegum safnsins voru 109, þar af 28 börn.

Öllum gestum á safninu býðst leiðsögn, hvort sem um einstaklinga að ræða eða hópa.

Rannsóknir og þekkingaöflun

Vegna mikillar vinnu við endurbætur og uppsetningu sýninga gafst ekki mikill tími til rannsókna og þekkingaöflunar. Hefðbundin upplýsingaöflun tengd munum og eigendum þeirra við skráningu og ítarskráningu. All nokkur heimildavinna var tengd sögustundum og viðburðum á safninu.

Undirbúningsvinna vegna sýningarinnar *Dagbækur af Skarðsströnd*. Greiningar á óþekktum andlitum og stöðum úr ljósmyndasafni. Þá var ljósmyndasafn Jóns Guðmundssonar frá Ljárskógum fengið að láni frá Þjóðminjasafni til greiningar.



Farið á farskólann í september á Höfn í Hornafirði sem fjallaði um forvörslu og varðveislu muna. Og að vanda var ákveðnum tíma varið í lestur og þælingar um ákveðið málefni tengt safnvörslu. Í ár var viðfangsefnið varðveisla muna.

Mat á starfsemi

Sem fyrri ár þóttu ekki forsendur til að gera formlegar skriflegar skoðanakannanir á árinu. En þess gætt að gefa safngestum gott tækifæri til að tjá sig um safnið og sýningar þess. En sem fyrr var menntun safnstjóra um atferli búfjár nýtt til að fylgjast með hvernig gestir safnsins fóru um safnið, skoðuðu það og upplifðu. Þær upplýsingar eru síðan notaðar til að bæta sýningarnar eftir því sem unnt er.

Annað

Safnvörður sat fundi hjá Menningar- og ferðamálanefndar Dalabyggðar.

Þó nokkur tími fer í að svara hinum og þessum erindum um ýmislegt er varðar muni, ljósmyndir og annað sem tengist safninu, sögu, menningu og staðháttum héraðsins. Er þá ótalinn tími sem fer í skýrslugerð og styrkumsóknir þar sem von er í pening.

Einnig hefur safnvörður setið uppi með ýmis verkefni tengdum ferðapjónustu í Dölum, yfirlestur greina og svörun erinda þar að lútandi.

Safnvörður tók að sér tölvukennslu fyrir Símenntunarmiðstöð Vesturlands á Hjúkrunarheimilinu Fellsenda. Fellsendi er ætlað fyrir einstaklinga með geðsjúkdóma og aldraða einstaklinga með þroskahamlanir. Greiðslur fyrir kennsluna runnu til Byggðasafns Dalamanna.



Ársreikningur 2015

Tekjur	2015		2014
Sveitarfélagið Dalabyggð	2.990.254 kr	57,0 %	2.969.502 kr
Safnasjóður -rekstrarstyrkur	1.000.000 kr	19,1 %	0 kr
Safnsjóður -verkefnastykir	800.000 kr	15,2 %	0 kr
Sturla Þórðarson 1214-2014	0 kr	0,0 %	1.357.000 kr
Aðgangseyrir	319.686 kr	6,1 %	256.600 kr
Aðrar tekjur	136.500 kr	2,6 %	0 kr
Tekjur samtals	5.246.440 kr		4.583.102 kr

Gjöld

Launakostnaður	2.990.254 kr	66,2 %	2.969.502 kr
Húsaleiga	180.000 kr	4,0 %	180.000 kr
Öryggisgæsla	69.629 kr	1,5 %	47.928 kr
Sími, nettenging ofl.	43.457 kr	1,0 %	49.733 kr
Sarpur	112.852 kr	2,5 %	111.236 kr
Forvarsla	0 kr	0,0 %	114.500 kr
Tryggingar	16.417 kr	0,4 %	19.850 kr
Kynning og auglýsingar	47.360 kr	1,0 %	66.587 kr
Farskóli	16.000 kr	0,4 %	0 kr
Sturla Þórðarson 1214-2014	208.974 kr	4,6 %	1.148.026 kr
Endurbætur og verkefni	828.938 kr	18,4 %	874.003 kr
Samtals	4.304.907 kr		5.246.440 kr
Rekstrarafgangur/tap	732.559 kr		-998.263 kr

Rekstrarhagnaður 2010	1.124.136 kr
Rekstrarhagnaður 2011	754.536 kr
Rekstrarhagnaður 2012	725.063 kr
Rekstrarhagnaður 2013	1.021.657 kr
Rekstrartap 2014	- 998.263 kr
Rekstrarhagnaður 2015	732.559 kr
Samtals	3.359.688 kr

Er hluti af bókhaldi sveitarfélagsins Dalabyggðar og endurskoðað með því